

Ráðherra, formaður og góðir gestir,

Dan Quayle, sem var varaforseti í stjórnartíð George Bush eldri átti ekkert sérstaklega auðvelt með að koma fyrir sig orði og eftir hann liggja margar setningar sem bera þess vitni. Ein af mínum uppáhaldssetningum sem hafðar eru eftir honum er: „The future will be better tomorrow“ eða „Framtíðin verður betri á morgun“. Mér finnst þessi setning á einhvern undarlegan hátt eiga ágætlega við stöðu Íslendinga í dag. Með það í huga mun ég í þessu yfirliti fjalla um starf Fjármálaeftirlitsins og það sem hefur gerst undanfarið ár en einnig horfa fram á veginn þar sem ég tel að við getum séð nokkur jákvæð teikn.

Það tímabil sem við fjöllum um í Ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins 2011 hefur verið viðburðarríkt. Í upphafi þess höfðu Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands nýlega sent fjármálafyrirtækjum tilmæli vegna gengistryggingarákvæða í lánasamningum sem reyndust í góðu samræmi við niðurstöðu dóma Hæstaréttar sem féllu nokkru síðar. Fjármálaeftirlitið lagði mikla vinnu í skoðun og greiningu á þessum lánum. Í því fólst meðal annars að flokka gengistryggð lán í sjö flokka samkvæmt eðli þeirra og eftir tegundum lánaflokka. Þetta mat hefur staðist tímans tönn.

Síðari hluta ársins 2010 fór af stað ferli eigin mats fjármálafyrirtækis á eiginfjárbörf, svonefnd ICAAP ferli (eða Internal Capital Adequacy Assessment Process) hjá Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankanum. Áður hafði verið gengið í gegnum sama ferli með MP banka. ICAAP ferlið snýr að áættustýringarferlum og stjórnunarháttum bankanna og áhættuþáttum þeirra. Það byggist á tveimur jafnmikilvægum þáttum: viðskiptastefnu, sem er áætlun til að tryggja langtíma arðsemi fyrirtækis og áhættustefnu, sem er áætlun sem tilgreinir og takmarkar þá áhættu sem fólgin er í viðskiptaáætlun. Könnunar- og matsferli Fjármálaeftirlitsins, svonefnt SREP ferli (eða Supervisory Review and Evaluation Process) er skoðun og mat Fjármálaeftirlitsins á skýrslu bankans. Það beinist að því að leggja mat á samræmi og gæði viðskiptaáætlunar sem mælikvarða á styrk bankans.

Í ársbyrjun 2011 var undirritaður nýr samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands. Samningurinn kvað á um mun nánara samstarf en verið hafði. Þar er meðal annars lögð áhersla á að til þess að fjármálakerfi í landinu sé heilbrigt, virkt og öruggt þurfi að skilgreina með skýrum hætti ábyrgð hvorrar stofnunar og verkaskiptingu þeirra á milli. Komið hefur meðal annars verið á fót fjórum áhættumatshópum stofnananna sem eru gjaldeyrisáhættuhópur, fjármögnunaráhættuhópur, uppgjör- og greiðslumiðlunar hópur og auk þess sérstakur áhættumatshópur um greiningar á samspili áhættu tengdri starfsemi einstakra fjármálafyrirtækja og kerfislægrar áhættu (micro-macro greiningahópur).

Innlán og eignir Sparisjóðsins í Keflavík voru sem kunnugt er flutt í nýjan Spkef sparisjóð í apríl 2010 sem var að fullu í eigu ríkisins. Spkef komst í vanda í mars 2011 og sameinaðist þá Landsbankanum. Byr sparisjóður féll einnig í apríl 2010 og var settur í viðtökufélagið Byr hf.

Í framhaldi af því tóku við samningaviðræður við kröfuhafa um að breyta skuldum Byrs hf. í hlutafé. Þessar viðræður báru ekki árangur. Sparisjóðurinn var því settur í sölufurli og hefur Fjármálaeftirlitið samþykkt samruna Byrs hf. við Íslandsbanka.

Í apríl á þessu ári veitti Fjármálaeftirlitið heimild fyrir yfirfærslu bankastarfsemi þáverandi MP banka hf. til annars félags sem hafði verið endurfjármagnað með aðkomu nýrra fjárfesta. Nýi bankinn tók síðan upp nafn gamla bankans.

Rannsóknarhópur hefur verið starfandi innan Fjármálaeftirlitsins frá því í kjölfar hrunsins og var hann styrktur í samræmi við fjölgun í liði Sérstaks saksóknara. Nú hafa samtals 77 mál verið send til Sérstaks saksóknara til frekari rannsóknar og tugum mála hefur verið lokið hjá Fjármálaeftirlitinu án frekari aðgerða.

Um miðjan ágúst 2010 gekk í gildi samkomulag um fjármálastöðugleika milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkanna. Markmið þess er að tryggja fjármálastöðugleika og samhæfa viðbrögð við fjármálaáfalli sem snertir fleiri en eitt ríki á þessu svæði. Með samkomulaginu var komið á fót fyrsta evrópska samstarfshópnum á grundvelli samkomulags ríkja innan EES um samvinnu til að tryggja fjármálastöðugleika yfir landamæri. Þar eiga forstjórar fjármálaeftirlita og seðlabanka allra þessara landa samráðsfundi.

Fjallað er um fjármálamarkaðinn í nýútkominni ársskýrslu. Mikið var rætt um lánasöfn bankanna á árinu og mikinn hagnað við erfiðar aðstæður. Á fyrri hluta ársins framkvæmdi Fjármálaeftirlitið sérstakt mat á eiginfjárbörf og virði útlána stóru viðskiptabankanna þriggja. Þróunin á lánamarkaði að undanförunu er í átt til færri lánastofnana og meiri samþjöppunar.

Hrein eign lífeyrissjóðanna í árslok 2010 nam um 1.910 ma.kr. samanborið við 1.775 ma.kr. í árslok 2009. Milli ára var aukningin 7,6%. Samsvarar það um 5% raunaukningu. Fjárfesting lífeyrissjóða í skuldabréfum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins hefur aukist mjög mikið á síðustu þremur árum og þá helst á kostnað annarra skuldabréfa og innlána.

Á verðbréfamarkaði hefur skuldabréfamarkaður verið óvenju virkur en þar er fyrst og fremst um að ræða skuldabréf opinberra aðila. Skuldabréfaútgáfa fyrirtækja hefur hins vegar verið takmörkuð.

Miklar og óreglulegar verðbreytingar hafa sett mark sitt á íslenska hlutabréfamarkaðinn allt frá falli bankanna 2008 og verða þær raktar til lítils seljanleika á markaði.

Talsverðar breytingar hafa orðið á váttryggingamarkaði. Félögin hafa hagrætt í rekstri og nýir eigendur eru að Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Fjármálaeftirlitið vinnur að gildistöku nýrrar gjaldþolstilskipunar (Solvency II) sem hefur í för með sér að kröfur um gjaldþol taka í auknum mæli mið af öllum áhættuþáttum í rekstri váttryggingafélags auk þess sem ríkari kröfur verða gerðar til stjórnarháttá hjá váttryggingafélögum. Um er að ræða sambærilegar reglur og innleiddar hafa verið með svonefndum Basel II reglum fyrir lánastofnanir.

Í ársskýrslu okkar er að vanda sagt frá hvernig ráðstöfunartími stofnunarinnar hefur skipst á milli eftirlitsskyldra aðila og verkefna. Höfð er hliðsjón af þessari skiptingu þegar tekin er ákvörðun um hlutfallsskiptingu kostnaðar við rekstur Fjármálaeftirlitsins milli eftirlitsskyldra aðila. Eins og sjá má hefur meira en helmingi ráðstöfunartíma stofnunarinnar verið varið í eftirlitsstörf í tengslum við lánastofnanir, bæði 2009 og 2010. Hlutfall skiptingar er einnig að öðru leyti sambærilegt.

Á ársfundi Fjármálaeftirlitsins fyrir ári síðan kynntum við nýja stefnu Fjármálaeftirlitsins. Stefnan hvílir á þremur stoðum sem eru löghlýðni og heilbrigðir viðskiptahættir, sjálfstæð könnun og mat og fagleg umræða og gagnsæi. Áhersla hefur verið lögð á það á því ári sem liðið er að vinna að útfærslu stefnunnar. Það hefur verið gert með margskonar umbótaverkefnum. Eitt þeirra er að styrkja faglega umræðu og gagnsæi á vegum Fjármálaeftirlitsins, bæði gagnvart þeim aðilum sem við höfum eftirlit með og fjölmiðlum og almenningi.

Í upplýsingastefnu okkar sem beinist annars vegar að eftirlitsskyldum aðilum og gagnsæi í samskiptum við þá og hins vegar að almannatengslum er meðal annars lögð áhersla á að greiða fyrir upplýsingastreymi og málefnalegri umræðu um þróun á fjármálamörkuðum. Einnig að stofnunin hafi frumkvæði að upplýsingamiðlun og greiningu og taki þátt í opinberri umræðu. Fjármálaeftirlitið boðaði nýlega fjölmiðla til kynningar þar sem fjallað var um hálfársuppgjör viðskiptabankanna og stöðu þeirra nú. Þetta er nýbreytni hjá okkur og í samræmi við hina nýju stefnu. Fleiri fundir af þessu tagi verða haldnir í framtíðinni.

Takmarkað traust almennings hlýtur að vera okkur hjá Fjármálaeftirlitinu áhyggjuefni, jafnt sem fjármálafyrirtækjunum sem við höfum eftirlit með. Traust ímynd verður einungis byggð upp með faglegum vinnubrögðum, áræðni í verki og árangri.

Leiðin til að endurheimta glatað traust verður bæði löng og ströng og þar þurfum við að vinna jöfnum höndum að því að treysta innviði Fjármálaeftirlitsins og styrkja upplýsingamiðlun. Við þurfum að gefa allar þær upplýsingar sem okkur er unnt og þegar við getum ekki svarað þurfum við að útskýra eins vel og við getum hvers vegna svo er.

Fjármálaeftirlitið hefur átt mikið samstarf við Alþjóða gjaldeyrissjóðinn, allt frá því að stjórnvöld ákváðu að leita eftir aðstoð hans í kjölfar hrunsins. Erlendur sérfræðingur um bankaeftirlit gerði í mars og apríl á þessu ári úttekt á Fjármálaeftirlitinu á grundvelli Grunnreglna um skilvirkt bankaeftirlit (Basel Core Principle for Effective Banking Supervision, eða BCP) en þær samanstanda af 25 stöðlum um lágmarkseftirlit með bankastarfsemi. Tilgangur staðlanna er meðal annars að samræma bankaeftirlit óháð löndum og gera eftirlitsstofnunum kleift að framkvæma sjálfsmat á starfsemi sinni. Niðurstaða úttektarinnar var að nokkuð vantaði upp á að Fjármálaeftirlitið uppfyllti öll skilyrði staðlanna. Unnin hefur verið aðgerðaáætlun sem spannar rúm tvö ár um hvernig úr því verði bætt. Fyrir liggur að Fjármálaeftirlitið þarf að bæta aðferðafræði sína við mat á áhættuþáttum í rekstri fjármálafyrirtækja. Fjármálaeftiritið hefur í tengslum við þetta verkefni meðal annars unnið

að því að velja sér samstarfsland til að byggja upp áhættumatskerfi til frambúðar og hefur Finnland orðið fyrir valinu.

Breytingar hafa orðið á starfsemi Fjármálaeftirlitsins á mörgum sviðum frá því fyrir ári. Stofnunin flutti í nýtt húsnæði í september 2011 í turnbyggingunni við Höfðatorg. Byrjað var að huga að flutningum fyrir rúmum fjórum árum en hrunið seinkaði þeim áformum. Lending náðist því ekki fyrr en sumarið 2011. Fjármálaeftirlitið hefur einnig endurnýjað merki stofnunarinnar eins og sjá má á glærunum.

Ný verkefni hafa verið að færast til Fjármálaeftirlitsins. Meðal annars er þar um að ræða eftirlit með skilaneftindum og slitastjórnnum og eftirlit með greiðsluþjónustufyrirtækjum. Þá mun gerð útboðslýsinga færast til Fjármálaeftirlitsins á komandi ári frá Kauphöllinni. Við vonum innilega að það verði nóg að gera hjá okkur í þeim málaflokki.

Starfsfólki Fjármálaeftirlitsins hefur fjölgað undanfarið ár eins og árin á undan. Um mitt ár 2011 voru starfsmenn 103 en voru 93 um mitt ár 2010. Í árslok er gert ráð fyrir að þeir verði 117. Fjölgun starfsmanna hefur orðið víða innan fjármálaeftirlitsins, meðal annars á sviði upplýsingatækni, við bankaeftirlit og áhættugreiningu og við uppbyggingu eftirlits með verðbréfamarkaði.

Gert er ráð fyrir að starfsemi Fjármálaeftirlitsins nái hámarki á næsta ári vegna umbóta- og uppbyggingarverkefna og vegna rannsóknarvinnu. Áætlað er að starfsmönnum fækki á árunum 2013 til 2015 þannig að fjöldi þeirra verði um eitt hundrað í árslok 2015 að því gefnu að löggjafinn bæti ekki verkefnum á stofnunina. Talan 100 er þó ekki heilög í þessu sambandi. Hún getur orðið önnur og jafnvel lægri. Mikilvægt er að stofnunin sé í kjörstærð með tilliti til þeirra verkefna sem henni ber að sinna og umfangs fjármálamarkaðarins.

Við sem stjórnnum Fjármálaeftirlitinu erum meðvituð um að starfsemin er fjármöggnuð með fé frá eftirlitsskyldum aðilum. Okkur ber skylda til að nýta þá fjármuni á sem bestan hátt. Með það í huga höfum við skoðað mögulegar breytingar á skipulagi með tilliti til þess að skilvirkni verði sem mest í starfseminni. Niðurstöðu þeirrar vinnu er að vænta á næstunni eins og formaður Fjármálaeftirlitsins kom inn á í ræðu sinni.

Við lifum í dag við mikla óvissu vegna ástandsins í Evrópu - og heiminum öllum - og von er á hertum reglum um lausafé og eigið fé. Ég vísaði til orða Dan Quayle um framtíðina hér í upphafi. Bandaríski hafnarboltaleikarinn Lawrence Peter Berra, betur þekktur sem Yogi Berra, átti líka sitt gullkorn um framtíðina þegar hann sagði: „The future ain't what it used to be“ sem vissulega má heimfæra á stöðu okkar í dag. En þó að framtíðin sé ekki alveg það sem hún áður var er ekki þar með sagt að hún geti ekki verið nokkuð björt.

Allt frá hruninu sem varð í október 2008 hefur Fjármálaeftirlitið leitast við að vera fyrirbyggjandi eftirlit og veitt aðhald með reglum, leiðbeinandi tilmælum og öðrum aðgerðum. Fjármálaeftirlitið hefur sýnt festu enda höfum við talið það nauðsynlegt. Með þá umgjörð sem við höfum nú tel ég að við eigum að leggja áherslu á samvinnu með beinum

og milliliðalausum samskiptum – þegar það á við - við æðstu stjórnendur eftirlitsskyldra aðila og við verðum að gera allt sem við getum til að eyða tortryggni.

Við höfum átt gott samstarf við Samtök fjármálafyrirtækja, meðal annars hvað varðar samræmingu í framsetningu á reikningsskilum og einnig er varðar tæknilega hlið skýrsluskila. Þetta samstarf sýnir að við getum átt samleið í mörgum málum. Þannig mun okkur að mínu mati einnig best takast að ná því markmiði sem við höfum öll, þrátt fyrir ólíka nálgun, sem er að byggja upp heilbrigðan og traustan fjármálamarkað og öðlast með því traust jafnt landsmanna sem alþjóðasamfélagsins.